**125. löggjafarþing 1999–2000.**
**Þskj. 304 — 248. mál.**

# Fyrirspurn

til samgönguráðherra um loftskeytastöðina á Siglufirði.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Er enn þá ætlun Landssíma Íslands að leggja niður loftskeytastöðina á Siglufirði?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir að störf sem nú eru unnin á höfuðborgarsvæðinu verði flutt til Siglufjarðar, í stað þeirra sem lögð verða niður?
3. Telur ráðherra að nútímatækni í fjarskiptum geri kleift að vinna ýmis störf á vegum Landssímans utan höfuðborgarsvæðisins þar sem húsnæði er nægilegt og mikið framboð af sérþjálfuðu starfsfólki?